

362. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal C, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 12. nóvember 2024 kl. 16:00.



Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Garðar Svansson, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Á Microsoft Teams: Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Hjördís Guðmundsdóttir.

Forföll: Daníel Jakobsson, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, og Valdimar Leó Friðriksson.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Dagskrá:

1. Samantekt skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu þessarar vikunnar, sbr. samantekt sem lögð var fyrir fundinn.

2. Fjármál

Hörður Þorsteinsson gjaldkeri fór yfir niðurstöður níu mánaða uppgjors reksturs ÍSí. Gjöld hafa farið fram úr áætlun, bæði vegna Ólympíuleika og eins framkvæmda í Íþróttamiðstöðinni en uppgjori vegna Ólympíuleikanna er ekki lokið að fullu og munu tekjur bókast inn á þá liði á næstu vikum.

Umræður urðu um einstaka liði í rekstrinum og rekstrarumhverfi sambandsins.

Lagðar fram tillögur fjármálaráðs ÍSí að breytingum á reglugerð ÍSí um fjárreiður. Gjaldkeri fór yfir þær breytingar sem lagðar eru til. Nokkrar athugasemdir komu fram á fundinum og var samþykkt fresta afgreiðslu reglugerðarinnar fram að næsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSí.

3. Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu framkvæmda í miðstöðinni. Áfram er unnið að jarðskjálftastyrkingum og loftræstingu. Á skrifstofuhæð ÍSí er unnið að endurgerð fundarsalar framkvæmdastjórnar og skrifstofurými innst á hæðinni.

Framkvæmdastjóri sýndi tillögu að tengibyggingu á milli húsa 2, 3 og 4, í stað glerbyggingar sem er þar núna og er orðin afar viðhaldsfrek. Í tillögunni felst nýr inngangur í Íþróttamiðstöðina sem mun henta betur eftir að þjóðarhöllin hefur verið byggð fyrir ofan miðstöðina. Ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um málið, að svo stöddu. Tengibyggingin gæti leyst ýmis vandamál sem blasa við eigendum bygginganna, svo viðgerðir á glerbyggingu, nauðsynlega fráveitu frá húsinu, skort á fundarrými, móttöku fyrir Getspá og ÍSí og vörumóttöku fyrir kaffiteríu.

4. Afreksíþróttir

Lárus L. Blöndal forseti fór yfir stöðu mála varðandi afgreiðslu fjárlaga. ÍSí og flest sérsambönd sendu umsögn til Alþingis vegna þeirrar stöðu sem komin er upp í kjölfar ríkisstjórnarslita. Vakti það athygli á málinu og sýndi víðtæka þörf sérsambanda á auknu fjármagni til málaflokksins ásamt því að varpa ljósi á ýmsar áskoranir í starfi sambandanna.

Mikil óvissa ríkir um afgreiðslu fjárlaga og um það hvort að samþykkt verður að auka fjármagn til afreksíþróttastarfsins í landinu. Tillögur liggja fyrir um málið og stefnt er að því að ljúka afgreiðslu fjárlaga í lok þessarar viku. Ef tillögur um aukið fjármagn hljóta ekki samþykki þá verður það mikið áfall fyrir íþróttahreyfinguna og mun setja framtíðarhorfur um bætt umhverfi afreksíþróttafólks upp í loft.

Umræður urðu um þetta mikilvæga mál og um mögulega aðkomu atvinnulífsins að uppbyggingu afreksíþróttá í landinu, sem byggist á því að ríkið leggi sitt af mörkum á móti.

5. Svæðisstöðvar íþróttahéraða

Úthlutunarreglur Hvatasjóðs íþróttahreyfingarinnar liggja fyrir, samþykktar af öllum aðilum. Stjórn sjóðsins verður skipuð tveimur fulltrúum frá ÍSÍ, tveimur fulltrúum frá UMFÍ og einum fulltrúa frá mennta- og barnamálaráðuneyti.

Samþykkt að tilnefna Póreyju Eddu Elísdóttur 1. varaforseta ÍSÍ og Gunnar Bragason fyrrverandi gjaldkera ÍSÍ sem fulltrúa ÍSÍ í stjórn Hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar.

Beðið er eftir upplýsingum frá UMFÍ og ráðuneytinu um tilnefningu þeirra fulltrúa.

Forseti skýrði frá ákvörðun mennta- og barnamálaráðherra um að styrkja Íþróttasamband fatlaðra um 15 milljónir vegna verkefnisins Allir með! Ráðherra hefur einnig tilkynnt viðbótar fjármagn að upphæð kr. 25 milljónir til Hvatasjóðs íþróttahreyfingarinnar, sérmerkt aðstöðusköpun fyrir fatlaða.

6. Fjármálaráðstefna ÍSÍ

Fjármálaráðstefna ÍSÍ verður haldin 14. nóvember nk. á Hilton Reykjavík Nordica frá kl. 16 – 18:30. Ýmis mál verða þar til umfjöllunar, svo sem rekstrarumhverfi íþróttafélaga, stuðningur opinberra aðila, nýjar leiðbeiningar RSK um skattskyldu íþróttastarfsemi og veðmálastarfsemi.

Forseti mun setja ráðstefnuna og slíta henni og 1. varaforseti verður ráðstefnustjóri.

Erindi flytja Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra, Olga Bjarnadóttir, Hörður Þorsteinsson, Jónas Gestur Jónasson frá Deloitte og Pétur Hrafn Sigurðsson frá Íslenskum getraunum.

Streymt verður frá ráðstefnunni.

7. Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ verður haldinn föstudaginn 22. nóvember nk. í sal Knattspyrnufélagsins Þróttar og hefst kl. 15:30.

Farið yfir dagskrá fundarsins og mál sem framkvæmdastjórn fram til kynningar.

Á undan fundinum, frá kl. 13-15, er gert ráð fyrir spjalli við fulltrúa stjórnmalaflokka sem bjóða fram til Alþingis í kosningunum í lok nóvember og er formönnum og framkvæmdastjórum sambandsaðila ÍSÍ boðið til viðburðarins sem verður í sama húsnæði og fundurinn.

Á fundinum verður farið yfir stöðu vinnuhópa.

Vinnuhópur ÍSÍ um sjálfbæði, sem stofnaður var í kjölfar þingssamþykktar á síðasta Íþróttþingi, hefur lokið störfum og skilað af sér lokaskýrslu, sem fylgdi fundargögnum þessa fundar. UMFÍ átti einnig fulltrúa í vinnuhópnum. Hildur Karen fór yfir skýrslu vinnuhópsins, niðurstöður og tillögur sem hópurinn leggur til.

Stjórnir ÍSÍ og UMFÍ koma sér saman um næstu skref í þessum málaflokki.

8. Íþróttþing ÍSÍ

Áætlað er að þingið verði haldið 16. og 17. maí nk. Erfitt hefur reynst að fá sal fyrir þingið á þessum dagsetningum en ekki verður farið í tilfærslur fyrr en allir möguleikar hafa verið fullreindir.

Halla Kjartansdóttir, sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs fór yfir vinnu sviðsins við undirbúning lagabreytingatillagna fyrir þingið. Búast má við tillögum til lagabreytinga frá vinnuhópi ÍSÍ um góða stjórnarhætti, sem skipaður var í kjölfar samþykktar síðasta Íþróttþings og starfað hefur þétt síðustu mánuði. Einnig hefur Helga Þórðardóttir lögfræðingur ÍSÍ unnið ýmsar tillögur sem orðið hafa til við yfirlestur hennar á lögum ÍSÍ, ábendingar og atvik. Gert er ráð fyrir yfirlestri og aðkomu laganevndar ÍSÍ að tillögnum þegar þær hafa verið að fullu mótaðar.

Breytingar á lögum ÍSÍ verða til umfjöllunar á Formannafundi ÍSÍ í nóvember. Gert er ráð fyrir því að allar tillögur verði kynntar vel fyrir sambandsaðilum í aðdraganda þings.

9. Erindi til ÍSÍ

Farið yfir erindi sem borist hafa til framkvæmdastjórnar ÍSÍ á milli funda:

- *Umsögn um þingsályktunartillögu um bann við veðmálum á íþróttakappleiki yngri iðkenda.*
Umsögn var send.
- *Umsögn um framkvæmdaáætlun í kynjajafnrétti*
Umsókn verður ekki send fyrr en ljóst er hvort að málinu verður frestað vegna þingrofs.
- *Umsögn vegna frumvarps til laga um bardagaíþróttir*
Umsókn verður ekki send fyrr en ljóst er hvort að málinu verður frestað vegna þingrofs.
- *Erindi Klifursambands Íslands vegna þjóðarhallar*
Lagt fram. Klifursamband Íslands óskar eftir aðstöðu í höllinni til æfinga fyrir klifur. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið og vera í sambandi við formann KÍ vegna þessa erindis.
- *Skipunarbréf í starfshóp um úthlutun hjálpartækja*
Geir Sverrisson var skipaður fulltrúi ÍSÍ í starfshópinn, skv. skipunarbréfi.
- *Bréf forseta European Esports Federation*
Tekið fyrir bréf forseta Evrópska rafíþróttasambandsins þar sem hann fer yfir stöðu mála í kjölfar ákvörðunar IOC að skipuleggja Olympic Esports Games 2025.

10. Staða hnefaleikaíþróttarinnar

Forseti skýrði stöðu mála. Fleiri þjóðir hafa bæst við sem aðildarþjóðir World Boxing en enn vantar upp á varðandi viðurkenningu IOC.

11. Skýrsla vinnuhóps mennta- og barnamálaráðuneytis um eflingu almenningsíþróttar

Vinnuhópur mennta- og barnamálaráðuneytis um eflingu almenningsíþróttar hefur lokið störfum og skilað lokaskýrslu. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, fulltrúi ÍSÍ í hópnum, fór yfir helstu þætti skýrslunnar og tillögur sem þar eru settar fram.

12. Íþróttamaður ársins

Viðburðurinn verður 4. janúar nk. í Hörpu. Undirbúningur er hafinn.

13. Íþróttældhugi ársins

Búið að auglýsa eftir tilnefningum úr íþróttahreyfingunni. Verkefnið er unnið í samstarfi við Íslenska getspá líkt og fyrri ár.

14. Erlent samstarf

Framkvæmdastjóri skýrði frá ársþingi ANOC sem haldið var í Portúgal fyrir skömmu. Þar var tekin ákvörðun um að þingið verði haldið annað hvert ár en ekki árlega.

Í tengslum við fundinn var haldinn aukaaðalfundur GSSE, fundur norrænna ólympíusambanda og fundur með fulltrúum norrænu sambandana, Ástralíu, Kanada og Nýja-Sjálandi.

15. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 361. fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ .
- Fundar Heiðursráðs ÍSÍ frá 2. og 21. október sl. – Tillaga Heiðursráðs í fundargerð frá 21. október samþykktar samhljóða.

- Fundar Verkefnasjóðs frá 11. nóvember sl. – Tillögur sjóðsins um styrkveitingar samþykktar samhljóða.

16. Viðburðir framundan

Farið var yfir viðburði sem framundan eru.

17. Næstu fundir

Næstu fundir framkvæmdastjórnar 21. nóvember, 5. desember og 16. janúar nk.

18. Önnur mál

Samstarfsverkefni með sérsamböndum

Rætt um möguleg samstarfverkefni með sérsamböndum, í líkingu við hvatningarátakið Syndum.

Pappírslausir fundir

Kári Mímisson lagði til að fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verði með öllu pappírslausir frá næstu áramótum. Tillagan var samþykkt.

Kostnaðarhlutdeild ÍSÍ í ólympískum verkefnum 2025

Rætt um kostnaðarhlutdeild ÍSÍ í þeim ólympísku verkefnum sem framundan eru á næsta ári. Samþykkt að leggja fram tillögu á næsta fundi framkvæmdastjórnar um kostnaðarskiptingu á milli ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ í verkefnum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari